

Minnisblað

Dags.:	16. júlí 2025
Efni:	Svör við fyrirspurn
Viðtakendur:	Oddviti sveitarstjórnar Skaftárhrepps
Sendandi:	Sveitarstjóri Skaftárhrepps

Minnisblað þetta er lagt fram vegna óska fulltrúa XD lista og óháðra í sveitarstjórn Skaftárhrepps.

Rétt er að minna oddvita sveitarstjórnar Skaftárhrepps og sveitarstjórnina alla á að skv. 2 mgr. 26. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og skv. j lið 16. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps nr. 923/2024, hafa þeir sem rétt hafa til að taka þátt í umræðum á fundum sveitarstjórnar rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru, þessi bókun flokkast ekki sem stutt athugasemd né lýsir hún afstöðu til máls. Engum ber nein skylda til að svara bókun sem lögð er fram undir þeim formerkjum.

Þar sem bókunin fjallaði í raun um beiðni til sveitarstjóra að leggja fram skrifleg svör, sem sagt dagskrármál, hefði sveitarstjórnarfulltrúinn átt að biðja um heimild oddvita um að málið yrði tekið á dagskrá skv. 2.mgr. 27. gr. Sveitarstjórnarlaga eða skv. c lið 16.gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps. En í c lið stendur meðal annars „*Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði*“

Þessi fyrirspurn fulltrúa minnihluta flokkast sem dagskrármál og hefði því þurft að fara í efnislega afgreiðslu sveitarstjórnar eða að fulltrúinn hefði getað óskað eftir því skv. 10. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps að málið yrði sett á dagskrá fundarins.

En að ósk oddvita verður þessari fyrirspurnum svarað hér að neðan.

Rétt er að taka fram að fylgigögn eru ekki til dreifingar vegna persónulegrar greiningar þeirra.

- **Rekstrarfrávik og upplýsingaskort**

- Hvers vegna hefur ekki verið skilað viðaukum með fjárhagsáætlun þrátt fyrir veruleg frávik á rekstrarútkomu ársins?
 - *Í ljósi niðurstöðu ársreiknings og frávika er nú unnið að úrbótum auknu eftirliti með rekstri og formfestu við afstemmingar í fjárhag.*
- Hvers vegna hafa mánaðarleg rekstraryfirlit og sjóðsyfirlit ekki verið lögð fram, þrátt fyrir ítrekaðar óskir frá fulltrúa xd og óháðra?
 - *Eins og fyrirspyrjanda ætti að vera kunnugt um hafa breytingar á mannahaldi í skrifstofu orsakað það að mestu. En nú er unnið að úrbótum í samstarfi við KPMG.*
- Hvað veldur því að óinnheimtar tekjur hækka um 50 m.kr. á milli ára og eru nú yfir 200 m.kr.? Hvaða úrræði eru virkjuð til að bregðast við þessari þróun?
 - *Stærsta krafan er á Eldvilja en Skaftárhreppur hefur lánað Eldvilja ehf. fyrir framkvæmdum allt frá árinu 2021 og eftirstöðvar í árslok 2024 eru um 59,8 m.kr. hækkar um 43 m.kr. á milli ára. Eldvilji ehf. mun taka lán til að greiða upp skuldir sínar þegar framkvæmdum líkur.*

- **Fræðslumál**

- Fræðslumál fóru tæpar 63 m.kr. fram úr fjárhagsáætlun. Hverjir eru helstu undirliðir sem skýra frávikið?
 - *Launakostnaður í fræðslumálum fór 9,5 m.kr. fram úr áætlun, er það mikið tilkomið vegna leiðréttinga á launum aftur í tímann bæði til núverandi starfsmanna og fyrrverandi starfsmanna. Annar rekstrarkostnaður fer 42 m.kr. fram úr áætlun. Stærstu frávik eru meðal annars vegna, skólaaksturs sem var vanáætlaður um 12,6 m.kr., mötuneytiskostnaður í grunnskóla var vanáætlaður um 8,7 m.kr. Aðkeypt þjónusta var vanáætluð um 13,6 m.kr.*
 - Sjá fylgiskjal 1. Ekki til dreifingar.
- Hafa orðið óvæntar launahækkanir eða viðbótarkostnaður vegna þjónustusamninga (t.d. akstur, mötuneyti, sérkennsla)?
 - *Vegna þess ástands sem myndaðist í grunnskólanum á haustdögum, myndaðist kostnaður sem ekki var reiknað með, svo sem starfslokasamningur við fyrrum skólastjóra, aukinn kostnaður við starfsmenn skólaþjónustu, kostnaður vegna auglýsinga eftir starfsmönnum, þjónustusamningar við ný fyrirtæki til að auka þjónustu við nemendur ofl.*
- Óskað er eftir ítarlegri kostnaðargreiningu fyrir næsta fund.
 - *Sjá fylgiskjal 1. Ekki til dreifingar.*
- Hver er raunkostnaður við starf verkefnastjóra vegna sameiningar grunn- og leikskóla vegna ársins 2024?
 - *Verkefnastjóri fékk um 1 m.kr. fyrir ráðgjöf og svo færðist hann inn á laun skólastjóra eftir þeim breytingum sem gerðar voru á ráðningasamningi hans.*
- Hver er skýring á 6 m.kr. framúrkeyrslu í æskulýðs- og íþróttamálum án heimildar sveitarstjórnar?
 - *Vegna æskulýðs- og íþróttamála eru nokkrir liðir að fara framúr heimildum, laun um 5,0 m.kr. er það aðallega vegna aukins launakostnaðar í sundlaug, vegna lengdar á opnunartíma sem samþykkt var, eftir þrýsting frá atvinnulífinu. Rekstrarkostnaður fer 3,3 m.kr. umfram áætlun. Rafmagn til hitunar fer 4 m.kr. umfram áætlun og aðrir styrkir og framlög fara 2,2 m.kr. umfram áætlun.*

- **Hreinlætismál**

- Málaflokkurinn fer 21 m.kr. fram úr áætlun. Hvaða kostnaðarliðir skýra þessa hækkun?
 - *Helstu liðir sem búa til þennan aukna kostnað eru meðal annars eftirfarandi: Hluti af girðingu 1,7 m.kr., aukið eftirlit umhverfisstofnunar vegna Stjórnarsands um 2,2 m.kr. Kostnaður vegna sorphirðu fór um 2,3 m.kr. fram úr áætlun, kostnaður vegna gá mavallar fór um 6,2 m.kr. fram úr áætlun og kostnaður við urðun var um 3,7 m.kr undir áætlun. Minni tekjur vegna eyðingu á sorpi frá rekstraraðilum höfðu áhrif á heildar niðurstöðu.*
- Hver er raunkostnaður við:
 - Sorphirðu
 - 24.335.298 kr.
 - b) Flutning og förgun
 - 18.274.295 kr
 - c) Urðunargjöld og föst gjöld
 - 22.256.142 kr.
- Er þessi kostnaður í samræmi við þjónustusamninga og hafa orðið breytingar á þeim?
 - *Þessi kostnaður er í samræmi við þjónustusamning en verðlagsbreytingar voru hærri en reiknað var með í gjaldskráhækkun ársins 2024.*
- Er sorpgjald nægjanlegt til að standa undir kostnaði eða hefur myndast útgjaldabyrði á sveitarfélagið?
 - *Miðað við rekstrarniðurstöðu sorpmála 2024 þarf að yfirfara gjaldskrá sorpgjalds þannig að jafnvægi náist í rekstri málaflokksins. Jafnframt þarf að taka harðar á því að verktaki skili þeim gögnum sem hann á að skila vegna förgunar á gá mavelli. Innheimta á gá mavelli var verulega ábótavant. Engin gögn bárust frá verktaka vegna ársins 2024, þrátt fyrir ítrekanir allt árið. Verktaki bauðst til að greiða um 7 m.kr. vegna ársins 2024. Ennfremur þarf að fylgjast mun betur með þeim greiðslum sem koma frá Endurvinnslusjóði.*

- **Fjárfestingar og framkvæmdir**

- Hvers vegna fara framkvæmdir við grunnskóla og gámasvæði fram úr áætlun?
 - *Eins og sveitarstjórn ætti að vera kunnugt um varð meðal annars að bregðast við hlutum sem ekki var hægt að geyma svo sem ónýtan dúk á byggingu mótuneytisálmur sem rífnaði og var löngu ónýtur, þar var kostnaður um 9,6 m.kr. farið var í frekari endurnýjun á raflögnum og brunahönnun til að auka öryggi nemenda og starfsmanna.*
 - *Sá samningur sem sveitarstjórn samþykkti vegna sorpmála, gerði þá kröfu á sveitarfélagið að girða allt gámasvæðið af. Til stóð að gera það ekki fyrr en á árinu 2025, en vegna kröfu yfirvalda varð að bregðast við því strax á árinu 2024.*
 - *Rétt er að geta þess að sumt sem sveitarstjórn reiknaði með að geta eignfært, var gjaldfært svo sem nýtt tjald yfir sundlaug að upphæð um 7,8 m.kr.*
- Af hverju var ekki gert ráð fyrir fjármagni í aðra liði fjárfestingaáætlunar?
 - *Rétt er að betur hefði mátt fara í því að færa fjárfestingaverkefni á milli eigna í áætlun ársins 2024 með viðaukum.*
- Af hverju var ekki gerður viðauki vegna leiktækjakaupa við grunnskóla?
 - *Skv. áætlun ársins 2024 var gert ráð fyrir 21 m.kr. í við hald lóðar, það hefði átt að gera viðauka um aukið viðhald skólans en láta lóðina standa eftir frekar en að hafa þetta í heildartölu.*
- Hver er raunstaðan á viðhaldsverkefnum 2025 og standast þessi verk framkvæmdaáætlun þessa árs? Óskað er eftir sundurliðun raunkostnaðar niður á verk fyrir næsta sveitarstjórnarfund ?

- *Hér að neðan eru staða stærstu viðhaldsverkefna þessa árs:*

Staður:	Bókfærð upphæð 15. 7. 2025	Fjárfesting áætlun:	Mismunur í kr.
Kirkjubæjarskóli	29.603.568	87.000.000	57.396.432
Kæribær	7.110.333	197.000.000	189.889.667
Íþróttahús	226.415	11.000.000	10.773.585
Sundlaug	6.179.147	7.000.000	820.853
Kirkjuhvoll	13.509.870	8.500.000	-5.009.870
Hjúkrunar- og dvalarheimili	0	6.000.000	6.000.000
Gatnakerfi	0	19.000.000	19.000.000
	56.629.333	335.500.000	278.870.667

- *Bregðast þarf við yfirkeyrslu Kirkjuhvols, en framkvæmdir og skemmdir á húsinu voru mun alvarlegri en menn gerðu sér grein fyrir.*
- Eru til verksamningar vegna viðhalds og framkvæmda hjá Eldvilja og hver framkvæmdi þau?
 - *Skv. upplýsingum frá framkvæmdastjóra Eldvilja ehf. var gerður verksamningur hjá Eldvilja ehf. vegna utanhúss framkvæmda. VSÓ verkfræðistofa vann málið.*

- **Kirkjubæjarstofa og innkaup**

- Eru starfsmenn Kirkjubæjarstofu á launaskrá sveitarfélagsins? Óskað er eftir samningi þar um.
 - *Starfsmenn Kirkjubæjarstofu eru ekki á launaskrá sveitarfélagsins.*
 - *Sveitarfélagið er með rekstrarsamning við Kirkjubæjarstofu sem skilar stofunni um 15 m.kr. á ári. Launagreiðslur til starfsmanna eru unnar af sveitarfélaginu og laun ganga upp í þennan samning.*
 - *Til fróðleiks þá er launakostnaður Kirkjubæjarstofu um 2,3 m.kr á mánuði, eða um 27,6 m.kr. á ári. Þá er ekki tekið tillit til aksturs starfsmanna.*
 - *Sveitarfélagið fær um 0,333 m.kr. á mánuði upp í launakostnað byggðapróunarfulltrúa frá SASS.*
 - *Enginn samningur er beint um þessa þjónustu sveitarfélagsins við Kirkjubæjarstofu, en þetta fyrirkomulag hefur verið við liði svo árum skiptir, þar sem stofan er ekki sjálfbær rekstrareining. Sambærileg þjónusta er við Ungmennafélagið ÁS vegna rekstrarsamings við það vegna launa íþrótt- og æskulýðsfulltrúa. Ekki hefur verið innheimt þjónustgjald fyrir þetta verkefni.*

- **Atvinnumál og ferðamál**

- Ferðamálaliður fer umfram áætlun – hverjir eru kostnaðarliðir sem útskýra fráviknið?
 - *Ferðamálaliður þar er færð kostnaður vegna kynningarherferðar var fært á málaflokk 11 og þar áætlað 4 m.kr.*
- Hverjir eru þeir styrkir og framlög sem fara 2 m.kr. fram úr áætlun? Hverjir fengu þá?
 - *Aukning á styrkjum er fyrst og fremst til reksturs Kirkjubæjarstofu.*
- Eru verkefnin hluti af nýjum samningum eða samvinnuverkefnum og ef svo, með hvaða aðilum?
 - *Nýr samningur er við Náttúrustofu Suðausturlands, rannsóknir vegna leitar að heitu vatni hafa verið færðir á deild 1301.*

- **Sameiginlegur kostnaður og stjórnsýsla**

- Af hverju fer skrifstofukostnaður 30 m.kr. fram úr áætlun? Óskað er eftir sundurliðun:
 - *Annar rekstrarkostnaður fer um 26,2 m.kr. umfram áætlun í liðnum Sameiginlegur kostnaður. Stærsti munur vegna annars rekstrarkostnaðar á skrifstofu fer um 16,1 m.kr. fram úr áætlun, þar er stærsti liðurinn aðkeypt þjónusta um 13,9 m.kr. Styrkir og framlög er hækkun á niðurfærsla skammtímakrafna um 1,6 m.kr. (matsliður).*
- a) Húsnæði og rekstur
- b) Upplýsingatækni og hugbúnaður
- c) Ferðir, ráðgjafar og annar aðkeyptur kostnaður
 - *Sjá má sundurliðun á fylgiskjali 2. Ekki til dreifingar.*

- Hver er raunkostnaður við ?:
 - a) Deiliskipulag og þéttingu byggðar
 - *Rétt er að geta þess þegar sveitarfélagið eignaðist svo kallað ríkisland á Kirkjubæjarklaustri lá ekki fyrir neitt skipulag eða lóðablöð. Þar sem fasteignir hafa verið að skipta um eigendur þurfa að liggja fyrir lóðablöð og gildandi lóðaleigusamningar svo að hægt sé að gefa út afsal fyrir eignum. Nú biða þrjár eignir eftir að skipulag á ríkislandinu fari í lögbundið ferli.*
 - *Á árinu 2024 var kostnaður vegna vinnu VSÓ ráðgjafar 849.000 kr. án vsk.*
 - b) Lögfræðipjónustu vegna samskipta við landeigendur Kirkjubæjar
 - *Óverulegur kostnaður var vegna lögfræðikostnaðar við landeigendur á árinu 2024. Var sá kostnaður 628.583 kr. án vsk.*
- Hvað felst í 3 m.kr. undir liðnum „meðferð sveitarstjórnarmála“?
 - *Undir þessum lið er færður kostnaður vegna samstarfs sveitarfélagsins vegna svo sem vegna Ytri-Skóga, Sambands íslenskra sveitarfélaga, SASS ofl.*
- Hvaða styrkir og framlög eru skráð undir þessum lið (1,6 m.kr.) sem ekki voru í fjárhagsáætlun og hver veitti samþykki fyrir þeim?
 - *Styrkir og framlög er hækkun á niðurfærslu skammtímakrafna um 1,6 m.kr. Sveitarstjóri og endurskoðandi leggja mat á þessar skammtímakröfur hverju sinni.*